

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Kolgrafarhóll, Apavatn 2.

Deiliskipulagið tekur til 5 frístundalóða auk einnar lóðar sem skilgreind er sem landbúnaðarland í landi Apavatns 2 (Efra-Apavatns). Heildarstærð landsins sem deiliskipulagið tekur til er um 3,9 ha og eru lóðarstærðir á bilinu 5.000 - 29.987 m². Gert er ráð fyrri byggingarheimildum fyrir frístundahús, gestahús og annað húsnæði sem getur verið geymsla, hesthús, áhaldahús eða gufubað.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. desember 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Skálabrekka, frístundabyggð.

Óveruleg breyting er gerð á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Skálabrekku. Breytingin felur í sér rýmkun á heimildum er varðar þakhalla, sem fer úr 14-30° í 0-30°.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. apríl 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2021